

# Articles of Association

Klappir Green Solutions hf.



Klappir grænar lausnir hf.  
Hlíðasmára 3  
201 Kópavogur, Iceland  
Kt. 630914-1080

## SAMÞYKKTIR FYRIR KLAPPÍR GRÆNAR LAUSNIR HF.

### 1. HEITI FÉLAGSINS OG HEIMILI

- 1.2 Heiti félagsins er Klappír Grænar Lausnir hf.
- 1.3 Enskt hjáheiti félagsins er Klappír Green Solutions hf. (skammstafað KGS.)
- 1.4 Félagið er hlutafélag.
- 1.5 Heimili félagsins er að Hlíðarsmára 3, Kópavogur, Ísland

### 2. TILGANGUR

- 2.1 Tilgangur félagsins er rannsóknir, þróun, hönnun og sala á hugbúnaði og stjórnbúnaði, einkum vegna sjálfbærni, þjónusta, ráðgjöf og nauðsynleg starfsemi þessu tengd. Ennfremur rekstur fasteigna, lánstarfsemi og skyldur rekstur.

### 3. HLUTAFÉ FÉLAGSINS

- 3.1 Heildarhlutafé félagsins er kr. 140.153.700, (krónur eitt hundrað og fjörutíu milljónir eitt hundrað fimmtíu og þrjú þúsund og sjö hundruð) sem skiptist í þrjú hlutflokka í samræmi við greinar 4.1, 4.2 og 4.3 hér á eftir.
- 3.2 Hver hlutur í félaginu nemur einni íslenskrri krónu (ISK 1) að nafnverði.
- 3.3 Hlutafé hefur verið að fullu greitt.

### 4. HLUTABRÉF

- 4.1 Útgefið hlutafé í A-flokki hlutabréfa eru kr. 50.000.000 (krónur fimmtíu milljónir).
- Eftirfarandi gildir um A-flokk hlutabréfa:
- a) Eigendur A-flokks hlutabréfa fara með 10 (tíu) atkvæði fyrir hvern hlut að nafnverði ein króna (1 kr.) á hluthafafundum félagsins.
- b) Hluthafar í A-flokki hlutabréfa eiga gagnkvæman forkaupsrétt að hlutabréfum í A-flokki. Um forkaupsréttarreglur gilda almennar reglur hlutafélagalaga.
- c) Eigendaskipti vegna erfða eða búskipta lúta ekki framangreindum forkaupsreglum, né heldur framsal hluthafa á hlutabréfum til félags í meirihluta eigu hans.
- 4.2 Útgefið hlutafé í almennum flokki hlutabréfa B-flokki eru kr. 90.153.700 (krónur níutíu milljónir eitt hundrað fimmtíu og

## ARTICLES OF ASSOCIATION FOR KLAPPÍR GREEN SOLUTIONS HF.

### COMPANY NAME AND DOMICILE

- The name of the company is Klappír Grænar Lausnir hf.
- The company's English name is Klappír Green Solutions hf. (abbreviation: KGS).
- The company is a public limited company.
- The company's domicile is at Hlíðarsmára 3, Kópavogur, Iceland.

### OBJECTS

The purpose of the company is the research, development, design and sale of software and control equipment, primarily relating to sustainability, services, consulting and necessary activities related to this; furthermore, real estate operations, lending activities and related operations.

### SHARE CAPITAL

The total share capital of the company is ISK 140,153,700, (ISK one hundred and forty million one hundred and fifty-three thousand and seven hundred) which is divided into three share classes in accordance with Articles 4.1, 4.2 and 4.3 below.

Each share in the company amounts to one Icelandic krona (ISK 1) nominal value.

The share capital has been fully paid up.

### SHARES

The total share capital issued in Class A shares is ISK 50,000,000 (ISK fifty million).

The following applies to Class A shares:

- a) Holders of Class A shares hold 10 (ten) votes per share of nominal value one Icelandic krona (ISK 1) at the company's shareholders' meetings.
- b) Holders of Class A shares have a mutual pre-emptive right to Class A shares. The general rules of the Public Limited Companies Act apply to the rules of pre-emptive rights.
- c) Transfer of ownership resulting from inheritance or administration of estates, is excluded from the aforesaid mutual pre-emptive rights, as well as a shareholder's transfer of shares to a majority owned legal entity.

The total share capital issued in the general series of Class B shares is ISK. 90,153,700 (ISK ninety million one hundred and

þrjú þúsund og sjö hundruð).

Eftirfarandi gildir um B-flokk hlutabréfa:

a) eigendur B-flokks hlutabréfa fara með 1 (eitt) atkvæði fyrir hvern hlut að nafnvirði ein króna (1 kr.) á hluthafafundum félagsins

b) Engar hömlur eru settar við ráðstöfun hluthafa á hlutabréfum í B-flokki hlutabréfa.

#### 4.3 Útistandandi hlutabréf í C-flokki eru sem stendur engin.

Eftirfarandi gildir um C-flokk hlutabréfa:

a) Eigendur C-flokks hlutabréfa fara með 10 (tíu) atkvæði fyrir hvern hlut að nafnvirði ein króna (1 kr.) á hluthafafundum félagsins.

b) Engar hömlur eru settar við ráðstöfun hluthafa á hlutabréfum í C-flokki hlutabréfa.

c) Hlutabréf í C-flokki eru umbreytanleg í hluti í B-flokki, krónu fyrir krónu að nafnvirði, að ósk hluthafa eftir ákvæðum samþykpta þessara. Hluthafi sem vill nýta þennan breytirétt skal senda félaginu skriflega tilkynningu þess efnis og hefur félagið sextíu (60) daga frá því að félaginu barst tilkynning, til að framkvæma breytinguna.

fifty-three thousand and seven hundred).

The following applies to Class B shares:

a) Holders of Class B shares hold 1 (one) vote per share of nominal value one Icelandic krona (ISK 1) at the company's shareholders' meeting.

b) No restrictions are placed on how shareholders dispose of Class B shares.

Outstanding Class C shares are currently none.

The following applies to Class C shares:

a) Holders of Class C shares hold 10 (ten) votes per share of nominal value one Icelandic krona (ISK 1) at the company's shareholders' meetings.

b) No restrictions are placed on how shareholders dispose of Class C shares.

c) Class C shares are convertible into Class B shares, 1 ISK share for 1 ISK share nominal value, at the request of a shareholder, in accordance with the articles of the company's Articles of Association. A shareholder intending to utilise this conversion right shall send the company a written notification to that effect, whereby the company has sixty (60) days, from the date of receipt of the notification, to execute the conversion.

## 5. HLUTAFJÁRAUKNING – HLUTASKRÁ

5.1 Hluthafafundur einn getur samþykkt aukningu hlutafjár í félaginu svo sem nánar er kveðið á um í samþykktum þessum, hvort heldur með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhlutabréfa, sbr. þó 5.2 til 5.5 gr. að neðan.

5.2 Aðalfundur félagsins, haldinn 13. apríl 2021, samþykkti heimild til stjórnar félagsins til að ákveða hækkun á hlutfé félagsins í B-flokki hlutabréfa um allt að kr. 29.857.591, (krónur tuttugu og níu milljónir átta hundruð fimmtíu og sjö þúsund fimmhundruð níutíu og ein) sem nemur eftirstöðvum 50 milljón kr. hækkunarheimildar frá aðalfundi 2020 eins og hún hefur verið nýtt að hluta og að teknu tilliti til heimildar vegna kaupréttakerfis sbr. nú gr. 5.3, og gildir sú heimild í 18 mánuði frá samþykkt aðalfundar 2022. Heimildina má nýta í eitt skipti eða fleiri. Um hlutina gilda ákvæði samþykpta félagsins eftir því sem við á. Hlutirnir veita rétt í félaginu þegar þeir hafa verið greiddir. Stjórn félagsins skal annast nánari útfærslu á hækkuninni. Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum til nýrra hluta.

5.3 Til viðbótar almennri hækkunarheimild stjórnar í gr. 5.2. samþykkti aðalfundur félagsins, haldinn 13. apríl 2021, einnig heimild til stjórnar félagsins til að ákveða hækkun á hlutfé félagsins í B-flokki hlutabréfa um allt að kr. 14.015.370 (krónur fjórtán milljónir fimmtán þúsund þrjú hundruð og sjötíu) og gildir sú heimild í 5 ár frá samþykkt aðalfundar 2021. Heimildina má nýta í eitt skipti eða fleiri. Heimildinni er ætlað að gera stjórn félagsins kleift að mæta skuldbindingum félagsins samkvæmt kaupréttarsamningum sem byggja á kaupréttaráætlun þess sem samþykkt var þann 23. nóvember

## INCREASE OF THE SHARE CAPITAL – SHARE REGISTER

A shareholders' meeting alone can decide on an increase of the share capital in the company, either by means of subscription to new shares or the issue of compensation shares, cf. however Article 5.2 – 5.5 below.

The company's Annual General Meeting held on April 13, 2021, authorized the Board of Directors to decide on an increase in the company's share capital in Class B shares by up to ISK 29,857,591, (ISK twenty-nine million eight hundred and fifty-seven thousand five hundred and ninety-one); which amounts to the remainder of the original ISK 50. million increase authorization from the Annual General Meeting 2020 as it has been partially utilized and taking into account the authorization for a stock option system now separately described in Art. 5.3 and is this authorization shall be valid for 18 months from approval given at the Annual General Meeting 2022. The authorization may be utilized in one or more instances. The provisions of the company's Articles of Association apply to the shares, as applicable. Rights attached to the shares become valid once the shares have been paid for. The company's Board of Directors shall take care of further implementation of the increase. Shareholders waive their pre-emptive rights to new shares.

In addition to a general increase authorization to the Board of Directors in Art. 5.2. the Annual General Meeting, held on April 13 2021 also authorized the Board of Directors to decide on an increase in the company's share capital in Class B shares by up to ISK 14,015,370 (ISK fourteen million fifteen thousand three hundred and seventy) and that authorization is valid for 5 years from approval given at the Annual General Meeting 2021. The authorization may be utilized in one or more instances. The authorization is intended to enable the Board of Directors to meet the company's obligations under stock option agreements

2016. Um hlutina gilda ákvæði samþykta félagsins eftir því sem við á. Hlutirnir veita rétt í félaginu þegar þeir hafa verið greiddir. Stjórn félagsins skal annast nánari útfærslu á hækkuninni. Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum til nýrra hluta.

based on the company's stock option plan approved on November 23 2016. The provisions of the company's Articles of Association apply to the shares, as applicable. All rights to the shares become valid once the shares have been paid for in full. The Board of Directors shall have the power to further implement the increase. Shareholders waive their pre-emptive rights to new shares.

5.4 Hluthafafundur félagsins, haldinn [DAGS.], samþykkti heimild til stjórnar félagsins til að ákveða hækkun á hlutafé félagsins í B-flokki hlutabréfa um allt að kr. 7.350.000 og gildir sú heimild í 5 ár frá samþykkt hluthafafundarins. Heimildina má nýta í eitt skipti eða fleiri. Heimildinni er ætlað að gera stjórn félagsins kleift að mæta skuldbindingum félagsins er varða rétt hluthafa til þess að umbreyta hlutum í C-flokki, skv. gr. 5.5, yfir í hluti í B-flokki. Um hlutina gilda ákvæði samþykta félagsins eftir því sem við á. Einungis má greiða fyrir hlutina með hlutum í C-flokki, er samsvara nafnvirði þeirra hluta í B-flokki (króna fyrir krónu) sem gefnir eru út á grundvelli hækkunarheimildarinnar. Hlutirnir í B-flokki veita rétt í félaginu þegar viðkomandi hlutir í C-flokki hafa verið afhentir á skrifstofu félagsins. Stjórn félagsins skal tilkynna hækkunina á hlutum í B-flokki, sem og aðrar breytingar sem gerðar eru á samþykktum félagsins í tengslum við hækkunina, til hlutafélagaskrár, þ.m.t. varðandi lækkun á samsvarandi nafnvirði þeirra hluta í C-flokki sem umbreytt hefur verið í hluti í B-flokki. Skal félaginu heimilt að kaupa umrædd hlutabréf í C-flokki og stjórn að hlutast til um lækkun hlutafjár af því tilefni. Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum til nýrra hluta.

The company's shareholders' meeting, held on [DATE] authorized the Board of Directors to decide on an increase in the company's share capital in Class B shares by up to 7.350.000 and that authorization is valid for 5 years from the approval given at the shareholders' meeting. The authorization may be utilized in one or more instances. The authorization is intended to enable the Board of Directors to meet the company's obligations regarding the shareholder's right to convert shares in Class C, cf. Art. 5.5 to Class B shares. The provisions of the company's Articles of Association apply to the shares, as applicable. The shares may only be paid for with Class C shares, which correspond to the nominal value of the Class B shares issued (1 ISK share for 1 ISK share) on the basis of the authorization to increase share capital. All rights to the Class B shares become valid once the respective Class C shares have been delivered to the company's offices. The Board of Directors shall notify the register of limited companies of the increase of Class B shares, as well as other changes made to the company's Articles of Association in connection with the increase, incl. changes regarding a decrease which corresponds the nominal value of Class C shares that have been converted into Class B shares. The company shall be authorised to purchase the aforesaid Class C shares and the Board of Directors arrange a subsequent reduction in share capital. Shareholders waive their pre-emptive rights to new shares.

5.5 Stjórn félagsins er heimilt að ákveða útgáfu framseljanlegra áskriftarréttinda til NEFCO, sem lánveitanda félagsins. Í framangreindum tilgangi skal stjórn vera heimilt að ákveða hækkun á hlutafé félagsins, bæði í B-flokki og í nýjum C-flokki hlutafjár, til samræmis við útgefin áskriftarréttindi. Eigendur hlutabréfa í C-flokki fara með sama atkvæðavægi á hluthafafundum og eigendur í A-flokki hlutabréfa. Réttindi eigenda hlutabréfa í C-flokki eru að öllu leyti hin sömu og réttindi í A-flokki að því undanskildu að hlutabréfum í C-flokki skal unnt að umbreyta í hlutabréf í B-flokki, krónu fyrir krónu, að ósk hluthafa eftir ákvæðum samþykta þessara og þau lúta ekki ákvæðum um forkaupsrétt við sölu á hlutabréfum. Frestur til notkunar á heimildinni er til 1. nóvember 2027. Hámarkshlutafjárhækkun til þess að mæta útgefnum áskriftarréttindum skal vera að hámarki 21.000.000 hlutir samtals, sem skal skiptast í allt að 35% í hlutum í C-flokki og ekki minna en 65% í hlutum í B-flokki. Hluthafar hafa ekki forgangsrétti að áskrift að nýjum hlutum vegna þessara heimildar heldur skulu hlutirnir aðeins boðnir NEFCO eða löglegum framsalshafa réttinda NEFCO í samræmi við samninga um áskriftarréttindi. Áskriftarverð fyrir hvern nafnvirðshlut, að teknu tilliti til ákvæða áskriftarsamningsins, skal vera hið lægra af (i) meðaltalsgengi hlutabréfa í B-flokki þann 28. júní 2022 og þann dag sem áskriftarréttindin eru nýtt, eða (ii) meðaltalsgengi hlutabréfa í B-flokki viku áður en áskriftarréttindin eru nýtt, með 20% afslætti. Hinir nýju skulu veita réttindi í félaginu frá skráningardegi hlutafjárhækkunarinnar, sem skal fara fram án tafa. Stjórn félagsins skal annast nánari útfærslu á hækkuninni.

The company's Board of Directors has the authority to issue a transferable share warrant to NEFCO, as the company's lender. In the aforementioned purpose, the Board of Directors shall be authorized to decide on an increase in the company's share capital, both in Class B shares and in the new Class C shares, in accordance with the issued share warrant. Holders of Class C shares have the same voting power as the holders of Class A shares. The rights attached to the Class C shares are in every respect the same as those attached to Class A shares, save that the Class C shares may be converted into Class B shares, 1 ISK share for 1 ISK share, at the shareholders request as set forth in these Articles of Association and they are not subject to pre-emptive rights in the event of a share sale. The deadline for using the authorization is 1 November 2027. The aggregate maximum share increase to meet the issued share warrants shall be a maximum of 21,000,000 shares in total, which shall be divided into up to 35% of Class C shares and no less than 65% in Class B shares. Shareholders shall not have pre-emptive subscription rights to the new shares due to this authorization, instead the shares must only be offered to NEFCO or a legitimate assignee of NEFCO's rights in accordance with the share warrant agreement. The subscription price for each nominal value share, taking into account the provisions of the share warrant agreements, shall be the lower of (i) the average price of Class B shares on June 28, 2022 and the day the subscription rights are exercised, or (ii) the average price of Class B shares a week before the subscription rights are exercised, with a 20% discount. The new shares shall grant rights in the company upon the registration of the share increase, which shall be carried out without undue delay. The company's Board of Directors shall arrange further implementation of the increase.

- 5.6 Hluthafar hafa forgangsrétt til að skrifa sig fyrir nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutfjáreign sína með eftirfarandi skilmálum, nema annað hafi verið ákveðið sérstaklega.
- a) Við hækkun á hlutfé í B-flokki hlutabréfa eiga eigendur í öllum flokkum forgangsrétt að aukningunni í samræmi við hlutfallslega hlutfjáreign sína.
- b) Við hækkun á hlutum í A-flokki hlutabréfa nær forgangsrétturinn einungis til hluthafa í A-flokki hlutabréfa.
- c) Við hækkun á hlutum í C flokki hlutabréfa nær forgangsrétturinn einungis til hluthafa í C-flokki hlutabréfa.
- 5.7 Nú notar einhver hluthafa ekki rétt sinn að fullu og eiga þá aðrir hluthafar aukinn rétt til áskriftar í samræmi við hlutfjáreign sína.
- 5.8 Þegar hluthafi hefur greitt hlut sinn að fullu fær hann útgefið rafbréf í verðbréfamiðstöð og eignarréttindi skráð yfir því. Veitir slíkt rafbréf honum full réttindi, sem lög og samþykktir mæla fyrir um.
- 5.9 Heimilt er að gefa hlutabréf félagsins út með rafrænum hætti í verðbréfamiðstöð í samræmi við lög nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga. Félagsstjórn skal halda hlutaskrá í samræmi við grein 5.10, sem skal aðgengileg öllum hluthöfum á skrifstofu félagsins. Útskrift frá verðbréfamiðstöð um eignarhald á hlutum í félaginu telst fullnægjandi grundvöllur hlutaskrár. Í hlutaskrá skal koma skýrt fram hvort hlutabréf tilheyri A-flokki, B-flokki eða C-flokki hlutabréfa.
- 5.10 Stjórn félagsins skal halda skrá yfir hlutabréf félagsins. Eignaskráning í verðbréfamiðstöð telst fullgild sönnun á eignarrétti að hlutum í félaginu.
- 5.11 Gagnvart félaginu skal hlutaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu. Arðgreiðslur og hvers konar tilkynningar til hluthafa skal senda til þess aðila, sem skráður er eigandi viðkomandi hlutabréfs á hlutaskrá félagsins, á hverjum tíma. Sá sem eignast hluti í félaginu getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafa nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá félagsins. Sá sem eignast hluti í félaginu getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá félagsins.
- 5.12 Hver hluthafi er skyldur til, án sérstakrar skuldbindingar, að lúta samþykktum félagsins, eins og þær eru nú, eða þeim kann síðar verða breytt á lögætlan hátt. Þó verða hluthafar ekki, hvorki með félagssamþykktum né breytingum á þeim, skyldaðir til að auka hlutfjáreign sína í félaginu og eigi heldur að sæta innlausn á hlutum sínum.
- 5.13 Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu, nema þeir taki á sig slíka ábyrgð með sérstökum löggæringi. Þessu ákvæði verður ekki breytt né það fellt niður með neinum ályktunum hluthafafundar.
- Shareholders have priority to subscribe to the issue of new shares in proportion to their listed shareholding with the following conditions, unless otherwise decided:
- a) In the event of an increase in share capital in Class B shares, holders of shares in all classes have priority to increase their holdings in proportion to their current shareholdings.
- b) In the event of an increase in shares in Class A shares, the pre-emptive right applies only to shareholders of Class A shares.
- c) In the event of an increase in shares in Class C shares, the pre-emptive right applies only to shareholders of Class C shares.
- If one or more shareholders do not exercise their right in full, then the other shareholders may increase their subscriptions in proportion to their shareholdings.
- When a shareholder has paid his or her share in full, they receive an electronic receipt from the central securities depository and their property rights are registered. Such electronic receipt gives them full rights, as prescribed by law and the Articles of Association.
- The company's shares may be issued electronically in a central securities depository in accordance with Act no. 7/2020 on Central Securities Depositories, Settlement and Electronic Registration of Financial Instruments. The Board of Directors shall keep a register of shares in accordance with Article 5.10 which shall be accessible to all shareholders in the company's office. A printout from the central securities depository for the ownership of shares in the company shall be considered a satisfactory share registry. The register of shares shall clearly state whether the shares are Class A, Class B or Class C shares.
- The Board of Directors shall keep a list of the company's shares. Title registration from the central security depository is considered valid proof of ownership of shares in the company.
- The register of shares shall be regarded by the company as valid proof of ownership of shares in the company. Dividend payments and any kind of notification to shareholders shall be sent to the party registered as the owner of the relevant share in the company's share register at any given time. A person who acquires shares in the company may not exercise his rights as a shareholder unless his or her name has been registered in the company's register of shares. A person who acquires shares in the company may not exercise his rights as a shareholder unless his or her name has been registered in the company's register of shares.
- Each shareholder is obliged, without any specific undertaking, to abide by the company's Articles of Association, as they now stand or as subsequently amended in a lawful manner. However, shareholders will not be obliged, either by the Articles of Association or amendments thereto, to increase their shareholding in the company and shall not be compelled to redeem their shares.
- Shareholders are not liable for the company's obligations beyond their share in the company unless they assume such liability through a specific legal instrument. This provision may not be changed or repealed by any resolutions of a

- 5.14 Engin sérrettindi fylgja neinum hlut í félaginu önnur en þau sem tilgreind eru í samþykktum þessum.
- 5.15 Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkingu hlutfjár. Þarf þá til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum.

shareholders' meeting.

No special rights are attached to any share in the company other than those specified in these Articles of Association.

Only a shareholders' meeting can resolve to reduce the share capital. Such resolution requires the same number of votes as required for the amendment of these Articles of Association.

## 6. STJÓRNSKIPULAG

- 6.1 Með stjórn félagsins fara;
- a) Hluthafafundur.
- b) Stjórn félagsins
- c) Forstjóri.

## GOVERNANCE

The company is managed by:

- a) Shareholders' meetings
- b) The Board of Directors
- c) The Chief Executive Officer

## 7. HLUTHAFAFUNDIR

- 7.1 Æðsta vald í öllum málefnum félagsins, innan þeirra takmarka, sem samþykktir þess og landslög setja, er í höndum lögmætra hluthafafunda.
- 7.2 Aðalfund félagsins skal halda fyrir lok apríl mánaðar ár hvert.
- 7.3 Félagstjórn skal sjá um að haldinn verði hluthafafundur innan sex mánaða frá því að eigið fé samkvæmt bókum félagsins er orðið minna en helmingur af skráðu hlutfé þess. Á hluthafafundinum skal stjórnin gera grein fyrir fjárhagslegri stöðu félagsins og ef þörf krefur leggja fram tillögur um nauðsynlegar ráðstafanir, þar á meðal um slit félagsins.
- 7.4 Stjórn félagsins skal boða til hluthafafunda þegar hún telur þess þörf, samkvæmt ályktun hluthafafundar, þegar kjörnir endurskoðendur krefjast þess eða þegar hluthafar, sem ráða minnst 1/10 (einum tiunda) hlutfjárins, krefjast þess skriflega með tilvísun í fundarefni. Þegar lögmæt krafa um fundarhald er fram komin skal stjórninni skylt að boða til fundar innan 14 daga frá því er henni barst krafan. Hafi félagstjórn eigi boðað til fundar innan þess tíma er heimilt að krefjast þess að ráðherra láti boða til fundarins samkvæmt 87.gr. hlutfélagalaga.
- 7.5 Hluthafafundir skulu boðaðir með minnst 21 dags fyrirvara.
- 7.6 Aðalfundir skulu boðaðir með sama hætti og aðrir hluthafafundir.
- 7.7 Til hluthafafunda skal boða með rafrænum hætti þannig að tryggður sé skjóttur aðgangur að fundarboðinu á jafnréttisgrundvelli. Skulu notaðir traustir miðlar sem tryggja virka útbreiðslu upplýsinga til almennings á Evrópska efnahagssvæðinu.
- 7.8 Í fundarboði skal að minnsta kosti greina;

## SHAREHOLDERS' MEETINGS

The ultimate authority in all matters of the company, within the limits set by its Articles of Association and national law, is in the hands of legitimate shareholders' meetings.

The company's Annual General Meeting shall be held before the end of April each year.

The Board of Directors shall ensure that a shareholders' meeting is held within six months from the time when the equity according to the company's books has become less than half of its registered share capital. At the shareholders' meeting, the Board shall report on the company's financial position and, if necessary, submit proposals for necessary measures, including the dissolution of the company.

The Board of Directors shall convene shareholders' meetings when it deems it necessary, in accordance with resolutions of the shareholders' meetings, when the elected auditors so request or when shareholders holding at least 1/10 (one tenth) of the share capital so request in writing with reference to the agenda. When a legitimate request for a meeting has been made, the Board shall be obliged to convene a meeting within 14 days of receiving the request. If the Board of Directors has not convened a meeting within that time, a government minister may be requested to convene the meeting in accordance with Article 87 of the Companies Act.

Shareholders' meetings shall be convened with at least 21 days' notice.

Annual General Meetings shall be convened in the same manner as other shareholders' meetings.

Shareholders' meetings shall be convened electronically in order to ensure prompt access to the notice of the meeting on an equal basis. Reliable media shall be used to ensure the effective dissemination of information to the public in the European Economic Area. Shareholders' meetings shall also be convened with an advertisement in the national media.

The notice of the meeting shall state at least:

- 1) Fundarstað, fundartíma og drög að dagskrá. Ef taka á til meðferðar tillögu til breytinga á samþykktum félagsins skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði.
- 2) Skýrar og nákvæmar reglur um þátttöku og atkvæðagreiðslu á hluthafafundi.
- 3) Hvar og hvernig megi nálgast skjöl sem lögð verða fyrir hluthafafund, þar á meðal dagskrá, tillögur, reikninga, skýrslur hvers konar sem og önnur gögn sem félagið hefur móttækið vegna fundarins.
- 4) Vefsíðu þar sem finna má upplýsingar og gögn sem lögð verða fram rafrænt.
- 7.9 Hluthafi á rétt á því að fá ákveðin mál tekin fyrir á hluthafafundi, ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til stjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins að gættum ákvæðum laga um hlutafélög. Slíkri kröfu skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til stjórnar félagsins eigi síðar en viku fyrir boðun aðalfundar. Kröfu má gera síðar en þó í síðasta lagi tíu dögum fyrir aðalfundinn. Birta skal ályktunartillögur hluthafa á vef félagsins eins fljótt og auðið er eftir móttöku þeirra. Viku fyrir hluthafafund skal senda út endanlega dagskrá og tillögur.
- 7.10 Mál, sem hafa ekki verið greind í dagskrá hluthafafundar, er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa félagsins, en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn.
- 7.11 Löglega frambornar viðauka- og breytingartillögur má bera upp á fundinum sjálfum.
- 7.12 Komi fram tillögur undir dagskrárliðnum „önnur mál“ verða þau mál ekki tekin til endanlegrar úrlausnar.
- 7.13 Á aðalfundi skulu þessi mál tekin fyrir:
- 1) Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið starfsár.
- 2) Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt athugasemdum endurskoðenda, skal lagður fram til samþykktar. Samhliða afgreiðslu ársreiknings skal ákveða hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
- 3) Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.
- 4) Kosning stjórnar og varastjórnar félagsins.
- 5) Kosning endurskoðenda félagsins.
- 6) Ákvörðun þóknunar til stjórnarmanna.
- 7) Önnur mál.
- 7.14 Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/3 hlutafjárins, krefjast þess skriflega á aðalfundi skal fresta ákvörðunum um málefni
- 1) Venue, meeting time and draft agenda. If a proposal for amendments to the company's Articles of Association is to be considered, the main content of the proposal shall be stated in the notice of the meeting.
- 2) Clear and precise rules on participation and voting at shareholders' meetings.
- 3) Where and how to obtain documents that will be submitted to the shareholders' meeting, including the agenda, proposals, invoices, reports of any kind as well as other documents that the company has received for the meeting.
- 4) A website where information and data to be submitted electronically can be accessed.
- Each shareholder is entitled to have a specific matter taken for consideration at a shareholders' meeting if he submits a request in writing or electronically at such advance notice that it is possible to introduce the matter to the agenda of the meeting in accordance with the Public Limited Companies Act. Such claim shall be accompanied by a justification or a draft or resolution to the company's Board of Directors no later than one week before the convening of the Annual General Meeting. A claim may be made later, however no later than ten days before the Annual General Meeting. Shareholders' resolution proposals shall be published on the company's website as soon as possible after their receipt. One week before the shareholders' meeting, the final agenda and proposals shall be published.
- Matters that have not been included in the agenda of the shareholders' meeting may not be resolved at the meeting without the consent of all the shareholders of the company, but they may be resolved as a guide for the Board of Directors.
- Legally submitted proposals for additions and amendments may be presented at the meeting itself.
- If proposals are made under the agenda item "other matters", those matters will not be taken to a final resolution.
- The following matters shall be addressed at the Annual General Meeting.
- 1) A report of the company's Board of Directors on its activities during the past operating year.
- 2) The company's annual accounts for the past operating year, together with the auditors' comments, shall be submitted for approval. In parallel with the processing of the annual accounts, a decision shall be made as to how the company's profit or loss during the financial year shall be handled.
- 3) Proposals for amendments to the company's Articles of Association.
- 4) Election of the company's Board of Directors and deputies.
- 5) Election of the company's auditors.
- 6) Determination of remuneration to directors.
- 7) Other business.
- If shareholders holding at least 1/3 of the share capital so request in writing at the Annual General Meeting, decisions on

þau, sem greinir í 1) og 2) lið greinar 7.13, til framhaldsaðalfundar sem haldinn skal í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.

the matters referred to in items 1) and 2) of Article 7.13 shall be postponed until a subsequent Annual General Meeting to be held in the first instance within one month and at the latest within two months. No further deadline may be requested.

## 8. FUNDARSTJÓRN OG FUNDARGERÐ

## CHAIRING OF MEETINGS AND MINUTES

- 8.1 Hluthafafundum stjórnar fundarstjóri sem fundurinn kýs. Fundarstjóri skal leysa úr öllum atriðum sem snerta lögmæti fundarins samkvæmt samþykktum þessum, þ.á m. ákveða form umræðna, meðferð málefna á fundinum og atkvæðagreiðslur.
- 8.2 Fundarstjóri skal láta kjósa fundarritara, sem heldur fundargerðabók. Í fundargerðabók skal skrá ákvarðanir hluthafafundar ásamt úrslitum atkvæðagreiðslna. Skrá yfir viðstadda hluthafa og umboðsmenn skal færð í fundargerðabók eða fylgja henni. Fundargerð skal lesa upphátt fyrir fundarlok, sé þess óskað og skrá þar athugasemdir ef fram koma. Fundarstjóri og fundarritari skulu undirrita fundargerðabók. Í síðasta lagi fjórtán dögum eftir hluthafafund skulu hluthafar eiga aðgang að fundargerðabók eða staðfestu endurriti fundargerða á skrifstofu félagsins.
- 8.3 Stjórn er heimilt að ákveða að hluthafafundur verði aðeins haldinn rafrænt. Telji stjórnin gerlegt að halda fundinn algjörlega rafrænt með viðeigandi búnaði og gefa hluthöfum þannig kost á þátttöku í fundarstörfum og atkvæðagreiðslu skulu í fundarboði koma fram upplýsingar um tæknibúnað auk upplýsinga um það hvernig hluthafar tilkynni um rafræna þátttöku sína og hvar þeir nálgist upplýsingar, leiðbeiningar og aðgangsorð til þátttöku í fundinum. Jafngildir innslegið aðgangsorð í tölvuforrit undirskrift viðkomandi hluthafa og telst viðurkenning á þátttöku hans í hluthafafundinum.
- 8.4 Hluthafar sem hyggjast nýta sér rafræna þátttöku skulu tilkynna skrifstofu félagsins þar um með 5 daga fyrirvara og leggja þar fram skriflegar spurningar varðandi dagskrá eða framlögð skjöl sem þeir óska svara við á fundinum.
- 8.5 Hluthafar skulu hafa aðgengi að leiðbeiningum um þátttöku í hluthafafundi með rafrænum hætti ásamt aðgangsorði og nauðsynlegum hugbúnaði til slíkrar þátttöku. Jafngildir innslegið aðgangsorð í tölvuforrit undirskrift viðkomandi hluthafa og telst viðurkenning á þátttöku hans í hluthafafundinum
- 8.6 Atkvæðagreiðsla utan fundar: Ef stjórn telur ekki framkvæmanlegt að gefa hluthöfum kost á þátttöku í hluthafafundi rafrænt skal hluthöfum gefinn kostur á að greiða atkvæði um tillögur eða taka þátt í kosningum bréflega. Setur stjórn reglur um framkvæmd slíkrar kosningar.
- 8.7 Á hluthafafundi ræður afl atkvæða úrslitum, nema öðruvísi sé mælt fyrir í samþykktum þessum eða landslögum. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Ef tveir menn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði, skal hlutkesti ráða.

Shareholders' meetings will be directed by a chairman elected by the meeting. The chairman of the meeting shall resolve all matters concerning the legality of the meeting in accordance with these Articles of Association, including deciding on the form of discussions, the treatment of matters at the meeting and voting.

The chairman of the meeting shall have a secretary elected to keep the minutes. Decisions of shareholders' meetings shall be recorded in the minutes of the meeting together with the results of voting. A list of shareholders and proxies present shall be entered in the minutes book or attached to it. Minutes shall be read aloud before the end of the meeting, if requested, and comments shall be recorded if any. The chairman and secretary of the meeting shall sign the minutes. Shareholders shall have access to the minutes or a certified copy of the minutes at the company's office no later than fourteen days after the shareholders' meeting.

The Board of Directors may decide that a shareholders' meeting shall only be held electronically. If the Board of Directors deems it possible to hold the meeting completely electronically with appropriate equipment and gives shareholders the opportunity to participate in the procedures of the meeting and in voting, then the notice of the meeting shall include information on technical equipment as well as information on how shareholders announce their electronic participation and where to obtain information, instructions and passwords to participate in the meeting. A password entered into a computer program is equivalent to the signature of the shareholder in question and is considered recognition of their participation in the shareholders' meeting.

Shareholders who intend to take advantage of electronic participation shall notify the company's office 5 days in advance and submit written questions regarding the agenda or submitted documents to which they wish a response at the meeting.

Shareholders shall have access to instructions on participation in shareholders' meetings electronically, together with a password and the necessary software for such participation. The password entered into a computer program is equivalent to the signature of the shareholder in question and is considered recognition of his participation in the shareholders' meeting.

Out-of-meeting voting: if the Board of Directors does not consider it feasible to give shareholders the opportunity to participate in shareholders' meetings electronically, shareholders shall be given the opportunity to vote on proposals or participate in elections by letter. The Board will set rules for the conduct of such an election.

At a shareholders' meeting, the number of votes determines the outcome, unless otherwise provided in these Articles of Association or in legislation. A proposal falls if the number of votes is equal. If two or more persons receive the same number of votes, a lottery shall be held.



8.8 Rétt til setu á hluthafafundum hafa auk hluthafa og umboðsmanna þeirra, endurskoðandi og framkvæmdastjóri félagsins. Hafa þeir þar fullt málfrelsi og tillögurétt. Einnig getur stjórnin boðið sérfræðingum setu á einstökum fundum ef leita þyrfti álits þeirra eða aðstoðar. Sæki umboðsmaður hluthafafund fyrir hluthafa skal hann leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Umboð verður ekki afturkallað svo gilt sé gagnvart félaginu eftir að því hefur verið framvísað við afhendingu fundargagna eða eftir setningu hluthafafundar hvort heldur sem fyrir er.

In addition to shareholders and their proxies, the company's auditor and the CEO have the right to attend shareholders' meetings. They have full freedom of speech and the right to put forward proposals. The Board may also invite experts to attend individual meetings if their opinion or assistance needs to be sought. If a proxy attends a shareholders' meeting on behalf of a shareholder, he or she shall submit a written and dated power of attorney. The power of attorney will not be revoked and will remain valid upon its presentation at the delivery of meeting documents or upon the shareholders' meeting has been convened, whichever is earlier.

## 9. ATKVÆÐAVÆGI

## VOTING POWER

9.1 Á hluthafafundum fylgja tíu (10) atkvæði hverri einni krónu í A-flokki hlutabréfa.

At shareholders' meetings, ten (10) vote is attached to every ISK 1 in Class A shares.

9.2 Á hluthafafundum fylgir eitt (1) atkvæði hverri einni krónu í B-flokki hlutabréfa.

At shareholders' meetings, one (1) vote is attached to every ISK 1 in Class B shares.

9.3 Á hluthafafundum fylgja tíu (10) atkvæði hverri einni krónu í C-flokki hlutabréfa.

At shareholders' meetings, ten (10) vote is attached to every ISK 1 in Class C shares.

## 10. STJÓRN FÉLAGSINS

## BOARD OF DIRECTORS

10.1 Aðalfundur kys árlega fimm aðalmenn í stjórn félagsins. Um hæfi þeirra fer að lögum.

The Annual General Meeting elects five members to the Board of Directors annually. Their eligibility is governed by law.

10.2 Gæta skal þess að kynjahlutfall í stjórn sé sem jafnast og að hlutfall hvors kyns sé aldrei lægra en 40%.

The Board of Directors shall be represented by at least 40% of each gender.

10.3 Á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar skal kjósa formann og varaformann en að öðru leiti skiptir hún með sér verkum eins og þurfa þykir.

At the first meeting of the newly elected board, the chairman and vice-chairman shall be elected, but in other cases it shall divide its duties as deemed necessary.

10.4 Stjórnarformaður boðar stjórnina til funda og stýrir fundum. Fundi skal halda hvenær sem hann telur þess þörf. Formanni er auk þess skylt að boða stjórnarfund að kröfu eins stjórnarmanns eða forstjóra.

The Chairman of the Board convenes meetings of the Board and chairs meetings. Meetings shall be held whenever the Chairman deems it necessary. The Chairman is also obliged to convene a Board meeting at the request of one of the Board members or the CEO.

10.5 Stjórnarfundur er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir hann. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið, sé þess kostur. Afl atkvæða ræður úrslitum, nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum þessum eða lögsmætum fyrirmælum. Haldin skal gerðarbók um það sem gerist á stjórnarfundum, sem undirrituð skal af þeim er fund sitja. Sé einhver stjórnarmanna eða forstjóri ekki sammála ákvörðun stjórnar á viðkomandi rétt til þess að fá sérálit sitt skráð í gerðabókina.

A Board meeting is quorate when a majority of the Board members attend it. However, important decisions may not be made without all Board members having the opportunity to discuss the matter, if possible. At a Board meeting, the number of votes determines the outcome, unless otherwise provided in these Articles of Association or in legislation. A Record of minutes shall be kept to show what occurs at Board meetings and the minutes shall be signed by those attending a meeting. If any of the Board members or the CEO does not agree with the Board's decision, the person in question has the right to have his or her special opinion recorded in the minutes.

10.6 Stjórnin hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Meginskyldustörf hennar eru:

The Board of Directors has ultimate authority in the company's affairs between shareholders' meetings. The main duties of the Board are:

1) Að veita prókúruumboð, ráða forstjóra, ákveða laun hans og ráðningarkjör, setja honum erindisbréf og hafa eftirlit með störfum hans.

1) To grant power of Procuration, appoint a CEO, determine the CEO's salary and terms of employment, provide the CEO with a letter of appointment and monitor his or her work.

2) Að hafa stöðugt og ítarlegt eftirlit með öllum rekstri félagsins og sjá um að skipulag þess og starfsemi sé jafnan

2) To have constant and detailed oversight of all the company's operations and to ensure that its organization and operations

- í réttu og góðu horfi. Sérstaklega skal hún annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins.
- 3) Að koma fram fyrir félagsins hönd fyrir dómstólum og stjórnvöldum.
- 4) Að hafa samstarf við framkvæmdastjóra um ráðningu annarra helstu starfsmanna félagsins.
- 5) Að skera úr ágreiningi, sem upp kynni að koma milli framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna.
- 6) Að ákveða hver eða hverjir skuli skuldbinda félagið.
- 10.7 Stjórnarmenn skulu hafa aðgang að öllum bóköm og skjölum félagsins.
- 10.8 Undirskrift meirihluta stjórnarmanna þarf til að skuldbinda félagið. Mikilvægar ákvarðanir, svo sem kaup og sala fasteigna og sambærilegar fjárfestingar má þó ekki taka nema allir stjórnarmenn hafi haft tæk á að fjalla um málið.
- 10.9 Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem verksvið stjórnar og forstjóra er nánar skilgreint.
- 10.10 Nýti NEFCO áskriftarréttindi sín, sbr. gr. 5.5, þá skal NEFCO eiga rétt til að tilnefna áheyrnarfulltrúa til að sitja alla stjórnarfundir og fá öll stjórnargögn frá þeim degi sem áskriftarréttindi eru nýtt og þar til NEFCO hefur selt öll hlutabréf sín í félaginu.

are at all times correct and well carried out. In particular, the Board shall ensure that adequate supervision is exercised over accounting and handling of the company's assets.

- 3) To represent the company before the courts and the authorities.
- 4) To co-operate with the CEO on the hiring of other key employees of the company.
- 5) To resolve any disputes that may arise between the CEO and other employees.
- 6) To decide who may commit the company.

Board members shall have access to all the company's accounts and documents.

The signatures of the majority of Board members are required to commit the company. Important decisions, such as the purchase and sale of real estate and similar investments may not be made unless all Board members have had the opportunity to discuss the matter.

The Board of Directors shall establish rules of procedure where the remit of the Board of Directors and the CEO is further defined.

In case NEFCO exercises its share warrant, cf. Clause 5.5, then NEFCO shall have the right to appoint an observer to attend the company's board meetings and to receive all the board material from the date of exercise and until NEFCO has sold all its shares in the company.

## 12. FORSTJÓRI

- 12.1 Forstjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn félagsins hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur forstjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn félagsins, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana félagsstjórnar án verulegs óhagræðis fyrir félagið. Í slíkum tilvikum skal félagsstjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.
- 12.2 Forstjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.
- 12.3 Forstjóri ræður starfsmenn félagsins, en hafa skal hann samráð við stjórnina um ráðningu starfsmanna í stjórnunarstörf. Hann segir og upp starfsmönnum sem hann hefur ráðið og fjallar um launamál þeirra.
- 12.4 Forstjóri er skyldur til að hlíta öllum fyrirmælum stjórnar. Honum ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar þær upplýsingar sem þeir óska og veita ber samkvæmt lögum.

## CEO

The CEO handles the day-to-day operations of the company and shall in that respect follow the policy and instructions given by the Board. Day-to-day operations do not include measures that are unusual or significant. Such measures may only be taken by the CEO in accordance with special authorization from the Board unless it is not possible to wait for the decisions of the Board without significant disadvantage to the company. In such cases, the Board shall be notified of such measures without delay.

The CEO shall ensure that the company's accounts are kept in accordance with law and practice, and that the company's assets are handled in a secure manner.

The CEO hires the company's employees, but he or she shall consult with the Board on hiring employees for management positions. The CEO also dismisses any employees he has hired and discusses their pay issues.

The CEO is obliged to obey all instructions of the Board. He must provide the Directors of the Board and the auditors with all the information they request and the disclosure of which is required by law.

## 13. REIKNINGAR OG ENDURSKOÐUN

- 13.1 Reikningsár félagsins er almanaksárið. Á hverju reikningsári skal semja ársreikning félagsins og skal hann gerður í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga og bókhald.

## ACCOUNTS AND AUDIT

The company's financial year is the calendar year. In each financial year, the company's annual accounts shall be prepared in accordance with the provisions of the Act on Annual Accounts and Accounting.

13.2 Á aðalfundi félagsins skal kjósa löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfirma til eins árs í senn. Ekki má velja endurskoðanda úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

At the company's Annual General Meeting, a chartered accountant or an auditing firm shall be elected for one year at a time. An auditor may not be chosen from among the company's Board members or employees.

13.3 Endurskoðandi skal rannsaka allt reikningshald félagsins í samræmi við góða endurskoðunarvenju, og í því sambandi kanna bókhaldsgögn og aðra þætti er varða fjárhagsstöðu og rekstur þess og er þeim jafnan heimill aðgangur að öllum bókum þess og skjölum.

The auditor shall examine all the company's accounts in accordance with good auditing practice, and in this context examine accounting documents and other items concerning the company's financial position and operations and shall normally be allowed access to all its books and documents.

## 14. EIGIÐ HLUTAFÉ FÉLAGSINS

## THE COMPANY'S EQUITY

14.1 Félaginu er heimilt að eiga eigið hlutafé allt að 10% (tíu af hundraði). Atkvæðisréttur fylgir ekki hlutabréfum, sem félagið á sjálft. Hluti getur félagið aðeins eignast samkvæmt heimild hluthafafundar til handa félagsstjórn og skal slíkrar heimildar þá getið í sérstökum viðauka við samþykktir þessar og skal viðaukinn vera hluti af samþykktunum þann tíma sem heimildin er í gildi. Heimild til handa félagsstjórn til kaupa á eigin hlutafé má ekki vera til lengri tíma en 5 ára hverju sinni.

The company is authorized to own up to 10% (ten percent) of its own shares. Voting rights are not included in shares owned by the company itself. The company may only acquire shares in accordance with an authorization given to the company's Board at a shareholders' meeting and such authorization shall then be mentioned in a special annex to these Articles of Association and the annex shall form part of the Articles of Association for the period of validity of the authorization. An authorization for the Board to purchase the company's own shares may not be valid for longer than 5 years at a time.

## 15. BREYTINGAR Á SAMÞYKKUM FÉLAGSINS

## CHANGES TO THE ARTICLES OF ASSOCIATION OF THE COMPANY

15.1 Samþykktum félagsins má breyta á löglega boðuðum hluthafafundum félagsins, enda sé þess rækilega getið í fundarboði, að slíkar breytingar séu fyrirhugaðar og í hverju þær felist í meginatriðum. Með breytingunni þurfa að greiða atkvæði a.m.k. 2/3 hlutar greiddra atkvæða svo og hluthafar, sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár, sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum.

The company's Articles of Association may be amended at a legally convened shareholders' meetings, provided that it is clearly stated in the notice of the meeting that such amendments are planned and what they will entail in principle. Changes require the consent of at least 2/3 of the votes cast as well as the support of shareholders who control at least 2/3 of the share capital which carries voting rights at the shareholders' meeting.

15.2 Ákvæðum samþykktra þessa um atkvæðisrétt hluthafa og jafnrétti þeirra á milli verður þó ekki breytt nema með samþykki allra þeirra hluthafa sem sæta eiga réttarskerðingu, sbr. 3.mgr. 94.gr. hlutafélagalaga.

The provisions of these Articles of Association regarding the voting rights of shareholders and equality between them will not be changed without the consent of all the shareholders who are subject to a curtailment of rights, cf. paragraph 3 of Article 94 of the Companies Act.

## 16. RÉTTUR TIL HLUTDEILDAR Í HAGNAÐI

## DISTRIBUTION OF DIVIDENDS

16.1 Réttur til hlutdeildar í hagnaði er jafn í A-flokki, B-flokki og C-flokki hlutabréfa og að öðru leyti en talið er hér að ofan gilda sömu reglur um hlutabréfaflokkana.

The right to a share in profits is the same for Class A, Class B and Class C shares, and in other respects the same rules apply to the share classes mentioned above.

## 17. SLIT Á FÉLAGINU OG SAMRUNI

## DISSOLUTION OF THE COMPANY AND MERGER

17.1 Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta félaginu og þarf þá samþykki hluthafa er ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins. Fundur sá sem samþykkir á lögætán hátt að slíta félaginu, kveður og á um hvernig ráðstafa skuli eignum þess og greiðslu skulda, sbr. XIII kafla hlutafélagalaga.

The consent of shareholders who control at least 2/3 of the total share capital of the company is required should it be considered advisable or necessary to dissolve the company. A meeting must be held which legally agrees to dissolve the company and stipulates the disposition of assets and payment of debts in accordance with Chapter XIII of the Public Limited Companies Act.

17.2 Um samruna félagsins við önnur félög fer eftir XIV kafla hlutafélagalaga.

The merger of the company with other companies is governed by Chapter XIV of the Public Limited Companies Act.

**18 ÖNNUR ÁKVÆÐI**

- 18.1 Þar sem ákvæði samþykta þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög.
- 18.2 Heimil er notkun á rafrænum samskiptum og tölvupósti í samskiptum við hluthafa í stað þess að senda eða leggja fram skjöl rituð á pappír. Nær heimildin til hvers kyns tilkynninga og samskipta milli félagsins og hluthafa þess, svo sem fundarboð fyrir hluthafafundi, greiðslu á arði og annarra tilkynninga til hluthafa samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Rafræn samskipti af þessum toga eru jafngild samskiptum rituðum á pappír. Skal stjórn setja reglur um framkvæmd rafrænna samskipta.
- 18.3 Samþykktir þessar er bæði á íslensku og ensku. Ef misræmi er milli texta samþykktanna þá skal íslenski textinn gilda.
- Réttar samþykktir staðfestir stjórn félagsins:
- Kópavogur, 18. nóvember 2022
- Skjalið er undirritað með fullgildum rafrænum hætti með vísan til ákvæða laga nr. 55/2019.

**OTHER PROVISIONS**

- Whenever the provisions of these Articles of Association do not specify how to proceed, the provisions of the Public Limited Companies Act shall be abided by.
- The use of electronic communications and emails is authorised when communicating with shareholders instead of sending or submitting documents on paper. The authorisation extends to all notifications and communications between the company and its shareholders, including convening of shareholders' meetings, payment of dividends and other notifications to shareholders as determined by the Board of Directors. Such electronic communications are equivalent to communications on paper. The Board of Directors shall implement rules on the application of electronic communications.
- These articles of association are both in Icelandic and English. If any discrepancy is between the texts then the Icelandic text shall prevail.
- These Articles of Association are confirmed correct by the company's Board:
- Kopavogur, 18 November 2022
- The document is signed in a fully electronic manner with reference to the provisions of Act no. 55/2019.

**Viðauki vegna heimildar til kaupa á eigin bréfum sbr. 14. gr. samþykta Klappa grænna lausna hf.**

Hluthafafundur félagsins, haldinn 18. nóvember 2022, samþykkti heimild til stjórnar félagsins til að kaupa eigin hluti af hlutafé félagsins í B- eða C-flokki hlutabréfa sem nemur allt að 10% heildarhlutafjár félagsins eða að hámarki 14.015.370, hluti. Kaupverð hvers hlutar má ekki vera hærra en nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirbyggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra. Heimildina má nýta í eitt skipti eða fleiri. Heimild þessi gildir í 5 ár frá hluthafafundardegi [DAGS. nóvember 2022].

**Annex for authorization to purchase own shares according to Art. 14 of the company Klappir Grænar Lausnir hf.'s Articles of Association**

The company's Extraordinary General Meeting held on 18 November 2022, authorized the Board of Directors to purchase own shares of the company's share capital in Class B or C which amounts up to 10% of the company's total share capital or a maximum of 14,015,370, shares. The purchase price of each share may not be higher than the price of the last independent transaction or the highest available independent purchase offer in the trading system where the transaction takes place, whichever is higher. The authorization may be utilized in one instance or more. This authorization is valid for 5 years from the date of the Extraordinary General Meeting held on [DATE November 2022].